

# Skautafélagið Jökull

## Lög

### 1.gr.

Félagið heitir Skautafélagið Jökull. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2.gr.

Tilgangur félagsins er að iðka skautaiþróttir og vinna að útbreiðslu þeirra og fjölbreytni innan skautaiþróttanna.

### 3.gr.

Félagar geta orðið allir þeir sem þess óska.

### 4.gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal haldinn í janúar eða febrúar ár hvert. Til fundarins skal boða opinberlega eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Birting á vefsíðu félagsins telst sem opinber boðun. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum skulu hafa borist stjórn minnst viku fyrir aðalfund. Mál sem berast eftir að sá frestur er liðinn verða ekki tekin fyrir nema 2/3 fundarmanna samþykki það. Rétt til fundarsetu með öllum réttindum hafa skuldlausir félagar.

Dagsskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Lögð fram ársskýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræða um hana.
4. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar, umræða og atkvæðagreiðsla.
5. Nefndir gefa skýrslur og umræður um þær.
6. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Lagabreytingar ef fyrir liggja.
9. Kosin stjórn:
  - a) kosinn formaður
  - b) kosnir tveir aðalstjórnarmenn
10. Aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar.
11. Önnur mál.
12. Fundarslit.

Á aðalfundi fer hver félagi með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema varðandi lagabreytingar, þá þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna til þess að breytingar nái fram að ganga. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

#### **5.gr.**

Stjórn félagsins getur boðað til auka aðalfundar er brýna nauðsyn krefur eða ef 60% félagsmanna bera fram skriflega ósk um það. Til slíks fundar skal boðað á sama hátt og til reglulegs aðalfundar. Rétt til fundarsetu hafa skuldlausir félagar.

Dagskrá auka aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Tekin til meðferðar þau mál sem gáfu tilefni til boðun fundar og tilkynnt voru í fundarboði.
4. Fundarslit.

#### **6. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu komnir til skoðunarmanna eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

#### **7. gr.**

Stjórn félagsins fer með yfirstjórn á milli aðalfunda. Hana skipa formaður, kosinn sérstaklega á aðalfundi, og tveir meðstjórnendur, allir kosnir á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum að afloknum aðalfundi: ritari og gjaldkeri. Formaður boðar til stjórnarfunda.

#### **8. gr.**

Tillögu um að leggja félagið niður verður að leggja fyrir á lögmætum aðalfundi og skal tillagan send félagsmönnum með fundarboðinu. Til þess að slík tillaga ná fram að ganga þarf helmingur félagsmanna að sitja fundinn og  $\frac{2}{3}$  þeirra að samþykkja tillöguna. Komi ekki svo margir til fundarins, skal boða til nýs fundar með tveggja vikna fyrirvara og skal hann haldinn innan fjögurra vikna og er sá fundur ályktunarhæfur án tillits til fjölda fundarmanna. Verði tillagan samþykkt aftur með  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða, er það fullgild ákvörðun um að leggja Skautafélagið Jökul niður. Það er síðan í höndum sitjandi stjórnar og eigenda félagsins að ráðstafa eignum félagsins; en þeim má aðeins verka til eflingar skautaiþróttá í landinu.

#### **9. gr.**

Lögum þessum verður ekki breytt nema á reglulegum aðalfundi félagsins og þá með samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna.

#### **10. gr.**

Lög þessi og síðari breytingar á þeim öðlast gildi þegar framkvæmdastjórnir ÍBR og ÍSÍ hafa staðfest þau/þær, sbr. lög ÍBR og ÍSÍ.